



with Joseph's and Jesus's work as carpenters and with the hammer blows of the Romans and Luther. The artist uses the implement to forge his own image of Luther's action and to come to grips with the whole passage of time that has elapsed since Luther nailed up his theses 500 years ago, year by year, not only by nailing up the labels but by stamping all of them to form a progression through every date since the start of the Reformation.

#### **Repetitions**

The work 501 Nails revolves around the idea of nailing down time that has piled up, time in linear sequence from Luther's action to our day, time that steadily reverts to its origins when it is retrieved, stamped and nailed up in an artistic display of repetition or a kind of religious ritual that consists in the recreation of the event that initiated the Reformation. From the repetition emerges a rhythm, as in music, when the years recur again and again and line up along the walls of the church, and this invokes the static creation that takes place each moment that time ticks forward. The piece thus brings together both linear time and time infused with meaning, or as the artist himself says: 'This is a continuation of earlier works going back over the last 20 years connected with accumulation, enumeration and recording. The work created for Hallgrímskirkja is on the one hand shaped by chronology as we measure it in days, weeks, months and years, and on the other by an existential experience of time and the visual presentation of this experience.' Time as the material of visual art – repetition in time and death as the outcome of time – is also the basis of recent work that Gretar has produced for Neskirja which is on display in the church's community centre. 'Here I stand (in time) and cannot do otherwise.'

Steinar Örn Atlason

Sýningastjóri / Curator: Rósa Gísladóttir  
Ensk þýðing / Translation: Nicholas Jones  
Ljósmyndun / Photography: Sigrður Gunnarsson

Listvinafélag Hallgrímskirkju / The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society 35th season  
[listvinafelag.is](http://listvinafelag.is)

**Gretar Reynisson** (f. 1957) lauk myndlistarnámi frá Nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1978 og var við framhaldsnám í Amsterdam 1978–79. Gretar hefur haldið um tuttugu einkasýningar, meðal annars í Listasafni Reykjavíkur, Nýlistasafnini, Gallerii i8, Listasafni ASÍ og víðar og tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis, til dæmis á Listasafni Íslands, Kjarvalsstöðum, í Nýlistasafnini og með Myndhögvarafélagini í Reykjavík. Hann á verk í eigu safna, svo sem Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur, Listasafns Háskóla Íslands og Nýlistasafnsins. Gretar hefur unnið sem leikmyndahöfundur frá árinu 1980 og er margverðlaunaður fyrir störf sín í leikhúsi. Árið 1997 fór Gretar að vinna verk þar sem tíminn fléttast saman við söfnun, skráningu og talningu hversdagslegra hluta úr lífi listamannsins og hefur haldið því áfram allar götur síðan. Verk sem Gretar gerði frá 1. janúar 1997 til 31. desember 2000 voru sýnd á Kjarvalsstöðum árið 2001 undir titlinum **1461 dagur**. Gretar var útnefndur heiðurslistamaður myndlistarháttarinnar

**Sequences** sem haldin var í Reykjavík í apríl árið 2013 og var þá sýnt heildarverkið **Áratugur**, safn verka sem unnin voru frá 2001 til 2010. Nú síðast opnaði sýning Gretars **20 40 60** í safnaðarheimili Neskirja og stendur hún yfir til 25. júní. Sýningin er sett upp á 60 ára afmæli listamannsins og kirkjunnar sjálfrar.

**Gretar Reynisson** (b. 1957) graduated from the Contemporary Art Department of the Icelandic College of Art and Crafts in 1978 and went on to do postgraduate studies in Amsterdam, 1978-79. He has held around twenty one-man exhibitions, including at the Reykjavík Art Museum (Listasafn Reykjavíkur), the Living Art Museum (Nýlistasafnið), Galleri i8, and the ASÍ Art Gallery (Listasafn ASÍ), and contributed to group exhibitions here and abroad, for instance at the National Gallery of Iceland (Listasafn Íslands), the Kjarvalsstaðir exhibition centre, the Living Art Museum and for the Reykjavík Sculpture Association (Myndhögvarafélagið í Reykjavík). Gretar's works form part of the collections of galleries such as the National Gallery of Iceland, the Reykjavík Art Museum, the University of Iceland Gallery (Listasafn Háskóla Íslands) and the Living Art Museum. Gretar has worked as a stage designer since 1980 and won several awards for his theatre work.

In 1997 Gretar set out on a series of pieces in where time is interwoven with the accumulation, recording and enumeration of everyday objects from the artist's own life and he has continued to create works in this spirit since. An exhibition of his work produced between 1 January 1997 and 31 December 2000 was staged at the Kjarvalsstaðir arts centre in 2001 under the title **1461 dagur** (1461 Days). Gretar was designated honorary artist of the arts festival Sequences, held in Reykjavík in April 2013, at which his inclusive piece **Áratugur** (Decade) was shown, a collection of works produced between 2001 and 2010. Most recently an exhibition of his work called **20 40 60** opened at the Neskirja church community centre (Safnaðarheimili Neskirja), continuing until 25 June. The exhibition is staged to celebrate the 60th birthday of both the artist and the church itself.

[gretar.reynisson@gmail.com](mailto:gretar.reynisson@gmail.com)

Grafisk hönnun: Magnus Valur Pálsson • Prentun: Litróf



**GRETAR REYNISSON**

**501 NAGLI**  
**501 NAILS**

**21. MAÍ – 21. ÁGÚST 2017**

**LISTVINAFLÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU**

35. STARFSÁR



### Naglar

Í kristinni táknafræði eru naglar hafðir til marks um krossfestingu Jesú Krists. Það er vitað að Rómverjar notuðu reipi og/eða nagla til krossfestingar en í píslarsögu Krists í Bíblíunni kemur ekki fram með afgerandi hætti hvort naglar eða reipi hafi verið notuð til að krossfesta Jesú. Í Jóhannesarguðspjalli er aftur á móti talað um naglaför á höndum Krists í tengslum við efasemdir Tómasar um upprisuna. Jesú Kristur hafði birst öllum lærisveinunum öðrum en Tómasi, sýnt þeim „hendur sínar og síðu“, og þegar þeir færðu honum fréttirnar svaraði Tómas: „Sjái ég ekki naglaförin í höndum hans og geti sett fingur minn í naglaförin og lagt hönd mína í síðu hans, mun ég alls ekki trú“ (Jóh 20:25). Í svari Tómasar er talað um naglaför í höndunum og því sýna fyrstu myndirnar af krossfestungunni, til dæmis á kirkjuhurð Santa Sabina í Róm (430–32), aðeins hendur Krists negldar á krossinn, þótt frá 6. öld hafi listamenn farið að gera myndir þar sem fæturnir eru einnig negldir við krossinn, eins og á krossfestingarmynd á skinnblaði frá 14. öld úr handritasafni Árna Magnússonar og í Isenheim-altaristöflunni (um 1510) eftir Matthias Grünewald. Nokkrum árum eftir að Grünewald lauk við altaristöfluna negldi Marteinn Lúther 95 mótmælagreinar gegn aflátssölu kirkjunnar á dyr Hallarkirkjunnar í Wittenberg í Þýskalandi. Greinarnar festi Lúther á kirkjudyrnar 31. október 1517 og markaði atburðurinn upphaf siðbótarinnar. Lúther rak með naglanum fleyg í framvindu sögunnar, líkt og Rómverjarnir gerðu þegar þeir krossfestu Krist.

### Stimplar

Verk Gretars Reynissonar vísar í gjörning Lúthers með beinum hætti, annars vegar í naglana sem voru notaðir til að festa greinarnar á kirkjudyrnar og hins vegar í að 500 ár eru síðan atburðurinn átti sér stað, en í verkinu hefur Gretar stimplað 501 merkimiða, hvern fyrir sig með einu ártali sem ramma inn árin frá 1517 til 2017, og neglt á veggina í forkirkju Hallgrímskirkju.

Til verksins hefur Gretar notað hamarinn – sem má auðveldlega tengja bæði því að Jósef og Jesú voru smiðir og hamarshögum Rómverja og Lúthers – en verkfærið notar listamaðurinn til að draga upp sína mynd af gjörningi Lúthers og til að glíma við allan tímann sem hefur liðið eftir að Lúther negldi upp greinarnar fyrir 500 árum, ár fyrir ár, ekki aðeins með því að negla merkimiðana upp heldur með því að stimpla alla miðana og fara í gegnum hvert einasta ártal frá upphafi siðbótarinnar.

### Endurtekningar

Verkið 501 nagli snýst um að negla niður tíma sem hefur hlaðist upp, línulegan tíma frá gjörningi Lúthers til okkar daga, en tíma sem gengur stöðugt aftur þegar hann er sóttur, stimplaður og negldur upp, í listrænni athöfn endurtekningar eða einskonar helgisið sem felst í endursköpun atburðarins sem hratt af stað siðbótinni. Í endurtekningunni verður til taktur, líkt og í tónlist, þegar árin koma fyrir aftur og aftur og raðast eftir veggjum forkirkjunnar, og það kallast á við hina sístæðu sköpun sem á sér stað hvert andartak sem tíminn tifar. Þannig koma saman í verkinu línulegur tími og tími fylltur merkingu, eða eins og listamaðurinn segir sjálfur um verkið: „Þetta er framhald af fyrri verkum undanfarinna 20 ára tengd söfnun, talningu og skráningu. Verkið sem unnið er fyrir Hallgrímskirkju er annars vegar mótað af tímatalinu eins og við mælum það í dögum, vikum, mánuðum og árum. Hins vegar er það mótað af tilvistarlegri upplifun tímans og sjónrænni framsetningu þessarar upplifunar.“ Tíminn sem efniviður myndlistarinnar, endurtekningin í tímum og dauðinn sem niðurstaða tímans, er einnig grundvöllur nýlegra verka sem Gretar hefur unnið fyrir Neskirkju og eru til sýnis í safnaðarheimili kirkjunnar. – Með orðum Lúthers: „Hér stend ég (í tímum) og get ekki annað.“

Steinar Örn Atlason

### Nails

In Christian iconography nails are used to represent Christ's Crucifixion. It is known that the Romans used rope and/or nails when crucifying people, but in the Biblical account of Christ's Passion it is nowhere said conclusively whether nails or rope were used when Christ was put on the cross. John's Gospel however speaks of the marks of nails in Christ's hands in connection with Thomas's doubts about the Resurrection. Jesus had appeared to all his disciples except Thomas and showed them 'his hands and his side', but when they brought Thomas the news he replied: 'Except I shall see in his hands the print of the nails, and put my finger into the print of the nails, and thrust my hand into his side, I will not believe' (John 20:25).

The earliest depictions of the Crucifixion, for instance on the door of the Church of Santa Sabina in Rome (430-432), show only Christ's hands nailed to the cross, but from the 6th century onward artists started to produce images where the feet are also nailed, as in the 14th-century picture of the Crucifixion on a vellum leaf from Árni Magnússon's manuscript collection and on Matthias Grünewald's Isenheim Altarpiece (c. 1510). On 31 October 1517, only a few years after Grünewald completed his altarpiece, Martin Luther nailed his Ninety-five Theses against the Church's sale of indulgences to the door of the Castle Church in Wittenberg in Germany. Luther's action marked the beginning of the Reformation and drove a clef through the course of history, just as the Romans had when they nailed Jesus to his cross.

### Tag labels

Gretar Reynisson's work references Luther's action directly, on the one hand in the nails that were used to fix the Theses to the church door and on the other to its being 500 years since the event took place. In the work Gretar has nailed 501 tag labels to the walls of the vestibule of Hallgrímskirkja church, each stamped with a date framing the years from 1517 to 2017. The use of the hammer forms an obvious link both